

Mál nr 2212136  
Dags. 06.02.23

**Fyrirspurn Garðabæjarlistans (dags. 19.01.23) varðandi úttekt Eflu á húsnæði Flataskóla frá 3. júlí 2019 og tengd mál:**

**1. Af hvaða tilefni var ákveðið að ráðast í úttekt á húsnæði Flataskóla vorið 2019?**

*Svar:*

Mörg undanfarin ár hefur verið unnið að viðhaldi og margvíslegum endurbótum á húsnæði Flataskóla og annarra stofnana bæjarins á grundvelli úttekta sem gerðar hafa verið af sérfræðingum. Í aðdraganda þess að skýrsla Eflu var send eignasjóði Garðabæjar hafði verið unnið að skoðun á húsnæðinu vegna rakaskemmda og rannsóknum á loftsýnum. Um var að ræða hluta af reglubundnu eftirliti með húsnæði skólans og í tilefni af ábendingum frá skólastjórnendum.

**2. Hverjir tóku ákvörðun um úttekt?**

*Svar:*

Starfsmenn eignasjóðs og bæjarverkfræðingur í samráði við skólastjórnendur.

**3. Hvaða aðilar fengu skýrslu úttektar?**

*Svar:*

Skýrslan var send eignasjóði Garðabæjar með tölvupósti, dags. 03.07.2019 að undangengnum úttektum og rannsóknum á húsnæði skólans í samráði við skólastjórnendur.

**4. Hvaða aðgerðir á húsnæði Flataskóla var ákveðið að ráðast í eftir úttekt Eflu? Óskað er eftir vísunum í skýrsluna þar sem við á.**

*Svar:*

Í skýrslu Eflu kemur fram hvar raka var að finna í húsnæðinu. Unnið hefur verið að því undanfarin ár að koma í veg fyrir leka og raka.

Framkvæmdir sem farið hefur verið í vegna rakaskemmda í Flataskóla eru lagfæringar á dreni, þökum, gluggum, gólfefni og neysluvatnslögnum ásamt almennu viðhaldi. Listi yfir framkvæmdir í Flataskóla var lagður fram í minnisblaði í bæjarráði 17.01.2023 og er vísað í það til nánari upplýsinga.

5. **Hvers vegna kom þessi skýrsla ekki fyrir fram í samskiptum bæjarins við foreldrafélag Flataskóla?**

*Svar:*

Skólastjórnendur hafa í gegnum tíðina almennt upplýst foreldrasamfélagið um helstu framkvæmdir á skólahúsnæðinu sem geta raskað skólastarfi án þess þó að leggja fram skýrslur eða úttektir sem er undanfari þeirra framkvæmda.

Rétt er að fram komi að síðastliðið haust var þessu verklagi breytt.

6. **Hvaða rök voru fyrir því að hætta samskiptum við Eflu eftir afhendingu á skýrslu árið 2019 og leita til Mannvits?**

*Svar:*

Garðabær leitar til fjölmargra verkfræðistofa við úrlausn ýmissa verkefna fyrir bæjarfélagið. Garðabær ber traust til beggja umræddra aðila. Það var mat starfsmanna á umhverfissviði bæjarins sem fer með yfirstjórn þessara mála að hentugra væri að leita til Mannvits hvað þetta verkefni varðar. Nokkrar ástæður geta legið að baki slíkrar ákvörðunar.

7. **Hvaða úttektir vegna gruns um rakaskemmdir og myglu hafa verið framkvæmdar á skólahúsnæði í Garðabæ frá árinu 2018?**

*Svar:*

Slíkar úttektir hafa verið gerðar á grunni ástandsskoðana húsnæðis og eftir atvikum samkvæmt ábendingum skólastjórnenda.

**Flataskóli** – sjá lista á vef Garðabæjar:

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvaemdir/flataskoli-endurbaetur/>

**Hofsstaðaskóli** – sjá lista á vef Garðabæjar

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvaemdir/hofsstadaskoli-endurbaetur/>

**Garðaskóli**

- Loftskýnataka - Spore trap analysis - EMLab P&K - 27.03.2019
- Náttúrufræðistofnun Íslands – Rannsókn á myglusveppum í 13 sýnum úr Garðaskóla í Garðabæ 16.06.2020
- Minnisblað Ástandsskoðun Garðaskóla – Drög 02.07.2020

Rétt er að fram komi að brugðist var við niðurstöðum ofangreindra úttekta með viðeigandi viðgerðum og eftir atvikum þrifum skv. ráðgjöf sérfræðinga. Á næstu vikum munu sérfræðingar fylgja eftir fyrri sýnatökum og framkvæmdum í skólanum skv. uppfærðu verklagi.

**Álftanesskóli**

- Álftanesskóli – Skoðun og sýnataka í völdum rýmum – 04.01.2023
- DNA Analysis of Building - 05.12.2022
- Result of mold testing – 05.12.2022

**8. Af hverju var skýrsla um úttekt í Hofsstaðaskóla frá árinu 2021 ekki aðgengileg fyrr en nú í janúar 2023?**

*Svar:*

Skýrslan var unnin að beiðni starfsmanna eignasjóðs og bæjarverkfræðings í samráði við skólastjórnendur.

Skýrslan var send eignasjóði og voru niðurstöður hennar kynntar skólastjórnendum Hofsstaðaskóla. Skv. því verklagi sem unnið var eftir á þeim tíma voru skýrslur sem þessar ekki gerðar opinberar. Það verklag var endurskoðað sl. haust og allar upplýsingar um úttektir og framkvæmdir hafa verið birtar opinberlega.

**9. Til hvaða aðgerða var gripið á grundvelli þeirrar úttektar?**

*Svar:*

Í framhaldi af loftgæðamælingum og sýnatöku sem framkvæmdar voru af Mannvit árið 2021 var loftræsikerfið yfirfarið og skipt um mótora i því til að bæta loftskipti í húsinu. Þakrennur og gluggar hafa verið endurnýjaðir að hluta. Nánar má sjá yfirlit um framkvæmdir á skólahúsnæðinu undanfarin ár í minnisblaði sem lagt var fram í bæjarráði 24.01.2023.